



Námsáætlun

SPÆN1gr05 fjar - vorönn 2021

Kennari: Vanessa G. Basáñez Escobar (vanessa@fg.is)

Áfangalýsing:

Megináhersla er lögð á að nemendur tileinki sér undirstöðuatriði tungumálsins, temji sér góð og viðeigandi vinnubrögð í tungumálanámi og fái innsýn í menningu spænskumælandi landa. Nemendur læra m.a. að kynna sig og kynna aðra, tala um fjölskyldu sína, sitt nánasta umhverfi, vörur og verð, daglegar venjur og áhugamál. Nemendur eru þjálfaðir í færniþáttunum fjórum; tali, hlustun, ritun og lestri.

Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- almennum orðaforða í samræmi við hæfni- og leikniviðmið áfangans
- helstu reglum um framburð, áherslur og hljómfall
- grunnatriðum málkerfisins
- útbreiðslu spænskunnar ásamt ólíkum venjum og menningu spænskumælandi landa

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skilja talað mál um kunnugleg efni þegar talað er hægt og skýrt
- fylgja einföldum fyrirmælum á spænsku í kennslustundum
- skilja mjög einfalda texta sem fjalla um kunnugleg viðfangsefni og innihalda algengan orðaforða sem tengist nemandanum, umhverfi hans og áhugamálum
- taka þátt í afar einföldum samræðum um efni sem hann þekkir og hefur áhuga á og beita kurteisis- og málvenjum við hæfi
- segja á einfaldan hátt frá sjálfum sér, nánasta umhverfi og áhugamálum í nútíð
- skrifa einfalda texta í takt við viðfangsefni áfangans
- beita helstu reglum um málnotkun á sem réttastan hátt í ræðu og riti
- beita viðeigandi námstækni í tungumálanáminu og nýta sér hjálpargögn
- nota sjálfstæð og viðeigandi vinnubrögð í tungumálanámi.

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- greina einfaldar upplýsingar í mæltu máli
- eiga einföld samskipti á spænsku við ákveðnar aðstæður
- segja frá persónulegum högum í ræðu og riti á einfaldan hátt
- vinna úr einföldum texta á mismunandi hátt eftir efni og eðli textans og tilganginum með lestrinum



Kennslugögn:

- **BITÁCORA 1, NUEVA EDICIÓN, Lesbók** (Neus Sans, Ernesto Martín, Agustín Garmendia og Emilia Conejo).
- **Verkefnahefti**, til útprentunar af Innu.
- **Orðabækur**, Mælt er með snara.is eða wordreference.com Einnig er mælt með uppflettiritum í málfræði s.s. **Spænskum málfræðilykli** eftir Sigurð Hjartarson (útg. MM), og sérstaklega með bókinni **Correcto** eftir Guðrúnu Tulinius.

Vika	Yfirferð	Próf /Verkefni	
Lota 1: Kaflar 0 og 1			
01. 8. 11. mars.	Kynning á áfanganum.		
02. 15.-19.mars	Að heilsa og kveðja. Framburðarreglur. Áherslur, kyn og tala nafnorða. ¿Por qué?, para, porque. Reglulegar sagnir. Sagnirnar SER og TENER. Tölur 0-100.	Kaflar 0-1 lesbók Verkefnahefti bls. 2-25	Ritunarverkefni Skiladagur: 19. mars
Lota 2: Kafli 2			
03. 22.-26. Mars	Kyn og tala nafnorða. Greinar.	Kafli 2 lesbók	Kaflapróf 1 (úr lotu 1 og 2) Skiladagur: 26. mars
04. 7-9 apríl	Fornafnið este. Verð og gjafavara. Forsetningarnar de og para.	Verkefnahefti bls. 26-35	Miðannamat
Lota 3: Kafli 3			
05. 12.-16. apríl	Fjölskylduorðaforði, eignarfornöfn (mi, tu, su, nuestro, vuestro, sus). Orðaforði útlit og persónuleiki. Dagsetningar, afmæli og ártöl. Starfheiti. Þjóðernið	Kafli 3 lesbók Verkefnahefti bls. 36-57	Munnlegt verkefni Skiladagur: 16. apríl
Lota 4: Kafli 4			
06. 19.-23. apríl	Daglegar venjur og frítími. Tímaorð og klukkan.	Kafli 4 lesbók	Kaflapróf 2 (úr lotu 3-4) Skiladagur: 26. apríl
07. 26. -30. Apríl	Afturbeygðar sagnir (verbos reflexivos).	Verkefnahefti bls. 58-83	Lesskilningsverkefni Skiladagur: 30. Apríl
08. 3.-7. maí			Hlustunarverkefni Skiladagur: 7. maí
09. 10.- 14. maí	Vika til að rifja upp og klára öll verkefni í Verkefnaheftinu!		
10. 17.-18. maí			

Lokapróf eru 19.-20. maí. Sjúkrapróf eru 21. maí.



Námsmat:

60% Lokapróf	
5% Munnlegt verkefni	Lesið mjög vel leiðbeiningarnar á INNU. Skiladagur: 16. apríl
20% Tvö kaflapróf	Nemendur eru hvattir til gæta þess að taka rafræn próf á tilsettum próftíma. Athugið að niðurtalning á tímanum hefst eftir að próf hefur verið opnað. 1. Skiladagur: 26. mars 2. Skiladagur: 26. Apríl
5% Ritunarverkefni	Skiladagur 19. mars
5% Lesskilningsverkefni	Skiladagur: 30. apríl
5% Hlustunarverkefni	Skiladagur: 7. maí

Athugið:

- Áætlunin er birt með fyrirvara um breytingar.
- Prófum og verkefnum verður að ljúka á tilsettum tíma. Ekki er tekið við verkefnum eftir skiladag nema í mjög sérstökum tilvikum ef haft er samráð við kennara fyrirfram. Þess vegna verða öll verkefni og próf opnuð með góðum fyrirvara:
→ Verkefni og próf opnast kl. 8.00 á upphafsdegi og lokast kl. 23.59 á skiladegi.
- **Það er hvorki leyfilegt að nota „GOOGLE TRANSLATE“ né „SPANISHDICT“. Nemendur sem nota slík forrit við verkefnagerð fá 0 fyrir verkefnið.**
- **Til að nemandinn standist áfangann þarf hann að fá 4,5 á lokaprófi og 5,0 í lokaeinkunn.**

Gagnlegar krækjur:

<u>Learn Spanish</u> gagnvirkar æfingar og lestextar m/útskýringum á ensku. www.learnspanish.com	<u>Spænsk-íslensk orðabók Máls og menningar</u> http://snara.is/8	<u>Íslensk – spænsk orðabók Máls og menningar</u> https://snara.is/8
<u>WordReference.com</u> Rafræn orðabók m/útskýringum á ensku og spænsku. http://www.wordreference.com	<u>All About Spain/Todo Sobre España</u> (myndir og ýmiss fróðleikur um Spán) http://www.red2000.com	<u>Cervantes stofnunin</u> - frábært kennsluefni á Netinu http://cvc.cervantes.es/aula/
<u>Quizlet:</u> Verkfæri til að halda utan um orðaforða og æfa með æfingum og leikjum. https://quizlet.com/	<u>Gagnvirkar æfingar í orðaforða, málfræði og hlustun</u> http://www.ver-taal.com	<u>RTVE</u> Spænska ríkisútvarpið: sjónvarps og útvarpsefni á netinu. http://www.rtve.es
<u>Gram@clicando</u> <u>Ejercicios de gramática española</u> http://pot-pourri.fltr.ucl.ac.be/gra/	<u>Beyging sagna - Spanish Verb Conjugation Trainer</u> http://www.spaleon.com/index.php	<u>Lingus.tv</u> Stuttir leiknir þættir með texta http://www.lingus.tv
<u>VideoEle</u> Stutt myndbandsbrot með kennslutengdu efni http://www.videoele.com/Curso.html	<u>Leo lo que veo</u> . Pemaskipt orðabók m/útskýringum í myndum og hljóði http://leoloqueveo.org/index.htm	<u>BBC: Spanish</u> Hér kennir ýmissa grasa, t.d. <u>“Mi vida loca”</u> http://www.bbc.co.uk/languages/spanish/